

STAÐA OG UPPLIFUN NEMENDA MEÐ ERLENDAN BAKGRUNN Í OPINBERUM HÁSKÓLUM Á ÍSLANDI

NIÐURSTÖÐUR NETKÖNNUNAR



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
Helstu niðurstöður	3
Skilgreiningar	4
Bakgrunn svarenda	5
Fordómar og mismunur	8
Þjónusta réttindi og úrræði	10
Heilsa og líðan	11
Fjárhagsstaða og vinna með námi	12
Húsnæðismál	13
Félagslíf og þátttaka í háskólasamfélaginu	15
Námsframvinda og ánægja með nám	16
Íslenskukunnátta og íslenskunám	
Sérgreining: Staða erlendra nemenda í hverjum skóla	20
Háskóli Íslands (HÍ)	21
Háskólinn á Akureyri (HA)	22
Háskólinn á Hólum (HH)	23
Landbúnaðarháskóli Íslands (LBHÍ)	24
Samantekt og tillögur til úrbóta	27
Niðurlag	

INNGANGUR

Þessi skýrsla gerir grein fyrir niðurstöðum netkönnunar um stöðu og upplifun nemenda með erlendan bakgrunn í íslenskum háskólum. Könnunin er fyrsti hluti verkefnisins *Inngilding í íslensku háskólasamfélagi* sem styrkt var af háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti.

Með tilkomu fjölmenningsamfélags og breyttri samfélagsgerð á Íslandi er mikilvægt að menntastofnanir komi til móts við og þróist samhliða fjölbreyttum þörfum mismunandi hópa. Jöfn tækifæri til menntunar og þjálfunar eru grundvöllur árangursríkrar þátttöku í samfélaginu og stuðla einnig að uppbyggingu á inngildandi samfélagi.

Í samstarfsverkefninu, sem er til tveggja ára, er ætlunin að þróa leiðir sem stuðla að aukinni inngildingu í háskólasamfélaginu, fjölga innflytjendum í háskólanámi og sporna við brottfalli þeirra úr námi. Það verður m.a. gert með útfærslu stuðningsúrræða, þjónustu og ráðgjafar fyrir nemendur með erlendan bakgrunn, auk þess sem þróuð verður inngildingarstefna og móttökuáætlun fyrir háskólana og fræðsla og þjálfun fyrir starfsfólk.

Könnunin var aðgengileg frá 28. janúar til 4. febrúar 2025. Gagnasöfnun og úrvinnsla var í höndum verkefnisstýru verkefnisins og Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri (RHA), í samvinnu við opinberu háskólana.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Meginniðurstöður benda til að langflestir nemendur séu ánægðir með ýmsa grunnþætti í námi og lífi, svo sem húsnæði og námsframvindu, en margir glíma engu að síður við ýmsar áskoranir
- Alls tóku 320 nemendur þátt, 68% konur, 30% karlar og 2% kynsegin. Þátttakendur koma víða að, flest (60%) frá Evrópu, og eru á ýmsum námsstigum, flest á grunn- eða meistarastigi.
- Um 40% nemenda hafa persónulega fundið fyrir fordómum á háskólasvæðinu og 33% hafa orðið vitni að fordómum gagnvart öðrum.
- Áhugavert er að 16% svöruðu „veit ekki“ þegar þau voru spurð hvort þau hefðu orðið vitni að fordómum.
- Meirihluti nemenda (um 66%) telur andlega heilsu sína almennt góða, en þó upplifir um þriðjungur einmanaleika.
- Efnahagsáhyggjur eru tíðar – um tveir af hverjum þremur nemendum hafa áhyggjur af fjárhag sínum – og margir þurfa að vinna mikið með námi.
- Um 80% eru ánægð með sínar húsnæðisaðstæður en þörf er á frekari stoðþjónustu, einkum tengt íslenskunámi og félagslegri inngildingu.
- Nemendur með erlendan bakgrunn hafa gjarnan góðan félagslegan stuðning frá öðrum erlendum nemendum – yfir 90% eiga vini af erlendum uppruna – en töluvert færri (um 59%) eiga íslenska vini.
- Þá segjast um 73% nemenda vilja eignast fleiri vini meðal samnemenda.
- Þörf er á frekari stoðþjónustu, einkum tengt íslenskunámi og félagslegri inngildingu.
- Um 51% metur íslenskukunnáttu sína sem frekar litla, mjög litla eða enga.

Nánari greiningu á þessum þáttum er að finna í köflunum hér á eftir, auk niðurstaðna frá einstökum skólum.

SKILGREININGAR

Nemendur með erlendan bakgrunn eru nemendur sem fæddir eru erlendis eða á Íslandi og hafa fleiri móðurmál en íslensku, óháð ríkisfangi, dvalarleyfi eða lengd búsetu á Íslandi. Hópurinn er mjög fjölbreyttur og nær til bæði innflytjenda, annarrar kynslóðar innflytjenda og alþjóðlegra nemenda.

Innflytjendur í námi - Nemendur sem eru skilgreindir sem innflytjendur í íslensku samfélagi (sbr. skilgreiningu Hagstofunnar), eiga lögheimili á Íslandi (oft með varanlegt dvalarleyfi) og stunda nám í íslenskum háskólum.


Alþjóðlegir nemendur eru nemendur sem koma til Íslands sérstaklega til að stunda heilt nám (BA/BS, MA/MS, PhD), oft á grundvelli dvalarleyfis vegna náms eða tímabundið eða hefja nám erlendis frá, oft með ensku sem kennslumál.

Skiptinemar eru nemendur sem koma tímabundið, oft í eina eða tvær annir, í gegnum samstarfssamninga (t.d. Erasmus+) og njóta oft sérstakrar þjónustu (t.d. Alþjóðasviðs).

BAKGRUNNUR SVARENDA

Alls svöruðu 320 nemendur með erlendan bakgrunn, í fjórum háskólum á Íslandi: Háskóla Íslands (HÍ), Háskólanum á Akureyri (HA), Háskólanum á Hólum (HH) og Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ).


Af svörunum má ráða að stór hluti þátttakenda er í grunn (46%)- eða meistaranámi (35%), 18% eru í doktorsnámi og 8% eru skiptinemar. Svarendur könnunarinnar voru 68% konur, 30% karlar og 2% kynsegin einstaklingar.



Mynd 1. Kyn svarenda

Svarendur koma víða að; rúmur helmingur er upprunninn í Evrópu 50% - þar af 20% frá Vestur-Evrópu, 13% frá Austur-Evrópu, 11% frá Norður-Evrópu og 7% frá Suður-Evrópu en aðrir koma frá Asíu 18% - þar af 6% frá Suður-Asíu, 5% frá Austur-Asíu og 4% frá Suðaustur-Asíu, Afríku 11% - þar af 3% frá Austur/Norður/Suður-Afríku og 8% frá Vestur-Afríku og Ameríku 13% - þar af 8% frá Norður-Ameríku og 5% frá Suður/Mið-Ameríku, auk nokkurra sem eru fæddir og uppaldir á Íslandi.

Helmingur svarenda hefur búið á Íslandi lengur en 3 ár þar af eru 7% fædd á Íslandi. 23% hafa búið hér á landi í minna en 1 ár og 27% í 1 til 3 ár. Þátttakendur voru spurðir um menntun foreldra/uppeldisaðila. Hjá 57% svarenda hafði að minnsta kosti eitt foreldri/uppeldisaðili lokið háskólaprófi. Um 51% meta íslenskukunnáttu sína sem frekar litla, mjög litla eða enga.




Mynd 2. Uppruni svarenda

FORDÓMAR OG MISMUNUN

Reynsla af fordómum

Rúmlega þriðjungur nemenda með erlendan bakgrunn hafði persónulega upplifað menningarlega eða kynþáttatengda fordóma í háskóla-umhverfinu. 40% höfðu orðið fyrir menningarlegum eða kynþátta-tengdum fordómum (19% sjaldan, 17% stundum og 4% oft) en 60% höfðu aldrei upplifað slíkt.



nemenda svöruðu því játandi (sjaldan, stundum eða oft) að hafa orðið fyrir fordómum

Þessi svör gefa til kynna að þó meirihluti upplifi ekki beint mismunun, þá verði umtalsverður hópur fyrir fordómum.

Þegar svörin eru greind eftir kyni og uppruna kemur í ljós athyglisverður munur. Karlkyns nemendur virðast síður verða fyrir fordómum en kvenkyns nemendur – 71% karla sögðust aldrei hafa upplifað fordóma, samanborið við 58% kvenna. Einungis 29% kynsegin þátttakenda höfðu aldrei upplifað fordóma, sem bendir til að þessi hópur verði mun oftari fyrir fordómum.


Uppruni skiptir einnig máli: Nemendur frá Vestur- og Norður-Evrópu virðast síst verða fyrir beinum fordómum (um 74–75% höfðu aldrei orðið varir við þá), á meðan mun lægra hlutfall nemenda frá Suður- eða Mið-Ameríku (aðeins 29%) og af blönduðum uppruna (35%) hafði sloppið algjörlega við fordóma. Þessar tölur gefa til kynna að nemendur með erlendan bakgrunn sem eru „ólíkari“ hinum hefðbundna íslenska meirihluta (t.d. í útliti, menningu eða tungumáli) verði frekar fyrir neikvæðri mismunun.

Langflestir sem hafa orðið fyrir fordómum eða 62,8% urðu fyrir fordómum af hálfu samnemenda sinna en 38,9% upplifðu fordóma af hálfu kennara.

Gerð fordóma

Þeir nemendur sem hafa orðið fyrir fordómum voru spurðir nánar út í eðli fordómanna. Langalgengast er að fordómarnir beinist að tungumáli – 62,4% þeirra sem urðu fyrir fordómum sögðu þá hafa varðað tungumál.

Einnig nefndu 35,2% fordóma vegna þjóðernisuppruna og 29,6% vegna menningar. Fordómar vegna húðlitar (18,4%) eða trúarbragða (6,4%) voru sjaldgæfari samkvæmt þessari könnun. Rúmur fjórðungur nefndi jafnframt fordóma vegna samfélagslegrar stöðu sinnar, svo sem flóttamannabakgrunns.



Mynd 3. Gerð fordóma.

Niðurstöðurnar benda til að algengasta form fordóma tengist tungumálakunnáttu eða hreim. Einnig virðast sumir verða fyrir útlendingaandúð sem tengist uppruna og menningu en fordómar byggðir á útliti eða trú eru fátíðari í háskólaumhverfinu samkvæmt þessu.

Vitni að fordómum


Um 34% sögðust hafa séð eða heyrt fordómafulla framkomu gagnvart öðrum nemendum með erlendan bakgrunn (15% sjaldan, 14% stundum, 4% oft), á meðan rúm 50% höfðu aldrei orðið vitni að slíku. Um 15% svöruðu „ég veit ekki“ við þessari spurningu. Þetta bendir til skorts á meðvitund um fordóma í háskólasamfélaginu.

Karlar eru aðeins ólíklegri en konur til að verða vitni að fordómum; 67% karla höfðu aldrei séð fordóma gagnvart öðrum, samanborið við 60% kvenna.

Gögnin sýna sterka fylgni milli uppruna og þess hvort nemendur höfðu orðið vitni að kynþáttafordómum. Nemendur utan Evrópu höfðu mun oftari orðið vitni að fordómum. Allt að 72% nemenda frá Vestur-Afríku höfðu séð

fordóma, ásamt 67% nemenda með blandaðan uppruna, 62% frá Austur/Norður/Suður-Afríku og 61% frá Suður- og Mið-Ameríku.

Nemendur frá Asíu falla í millibil, þar sem um það bil helmingur hafði orðið vitni að fordómum. Til dæmis höfðu 54% nemenda frá Austur-Asíu og 53% frá Suður-Asíu séð fordóma. Aftur á móti höfðu evrópskir nemendur mun sjaldnar orðið vitni að fordómum eða einungis 23%-31%.



hafa séð eða heyrt fordómafulla framkomu

Þar voru Norður-Evrópubúar lægstir með 23%, Austur- og Suður-Evrópubúar með 25% hvor, og Vestur-Evrópubúar hæstir með 31%. Munurinn er gríðarlegur, allt að 49 prósentustig á milli Vestur-Afríku og Norður-Evrópu. Þetta bendir sterklega til að fordómar séu kerfisbundnir og snerti fyrst og fremst sýnilega minnihlutahópa á háskólasvæðinu en að evrópskir nemendur séu mun síður meðvitaðir um þá.

Í heildina séð renna svör við spurningum um fordóma stoðum undir að þetta sé sameiginlegt vandamál þvert á háskóla og hópa en í ólíkum birtingarmyndum. Tungumál og framandi uppruni voru helstu skotmörk neikvæðrar framkomu.

Hver sýnir fordóma?

Meirihluti nemenda með erlendan bakgrunn hafði annað hvort fyrir eða orðið vitni að fordómum af hálfu samnemenda (78% orðið vitni að, 62,8% upplifað) og hátt hlutfall greindi frá sams konar reynslu í samskiptum við kennara (36,2% orðið vitni að, 38,9% upplifað). Þessi gögn sýna að fordómar eru bæði persónuleg reynsla og félagslegt fyrirbæri í háskólasamfélaginu.



7 af hverjum 10 nemendum verða annað hvort fyrir eða verða vitni að fordómum af hálfu samnemenda.




4 af hverjum 10 nemendum verða annað hvort fyrir eða verða vitni að fordómum af hálfu kennara.

ÞJÓNUSTA RÉTTINDI OG ÚRRÆÐI

Könnunin leitaði svara við því hvaða þjónustu, réttindi eða úrræði nemendur með erlendan bakgrunn telja að vanti í háskólana. Sú spurning var opin og buðu svarendur upp á fjölbreytt svör sem gefa innsýn í helstu þarfir þeirra. Sameiginleg þemu í svörunum voru eftirfarandi:

- **Bætt upplýsingagjöf og ráðgjöf.** Skortur á upplýsingum á ensku (og/eða þeirra eigin tungumáli) um ýmsa þætti háskólalífsins, s.s. reglur, námskrá, þjónustu og réttindi. Sumir óskuðu eftir leiðsögn eða aðgang að tengilið (t.d. international officer) sem sérhæfir sig í að aðstoða erlenda nemendur við praktísk mál og samskipti við stofnanir.
- **Aðstoð við húsnæði.** Erfiðleikar við að finna hentugt húsnæði; óskað eftir stuðningi háskólanna við upplýsingamiðlun.
- **Félagsleg inngilding.** Kallað eftir stuðningi við félagslega inngildingu, t.d. með viðburðum og verkefnum sem stuðla að tengslum milli innlendra og erlendra nemenda.
- **Fjárhagslegur stuðningur.** Skólagjöld og kostnaður við nám geta verið íþyngjandi; óskað eftir styrkjum, afsláttum og ódýrari íslenskunámskeiðum.
- **Aðstoð við atvinnuleit.** Tillögur um stuðning við atvinnuleit samhliða námi og betri aðstöðu til vinnu með námi.
- **Sérúrræði í námi.** Þörf á fleiri námskeiðum á ensku, þýddu námsefni og stuðningskennslu í íslensku og fræðilegri ritun.
- **Fjölmennigarnæmi og fræðsla.** Óskir um fræðslu og þjálfun fyrir kennara og starfsfólk til að efla skilning á fjölmenningu og draga úr fordómum, virkara jafnréttisstarf og skýrari ferla til að bregðast við mismunun.



Mynd 4. Hvað vantar?


Auk framangreindra atriða komu fram fjölmargar hugmyndir, þar á meðal: aðgangur að sálfræðiþjónustu án tungumálaörðugleika, betri aðstaða fyrir fjölskyldufólk (t.d. upplýsingar um leikskóla), náms- og starfsráðgjöf sem tekur mið af stöðu erlendra stúdenta o.s.frv. Þrátt fyrir fjölbreytt svör má greina sameiginlega áherslu á að bæta þjónustu og upplýsingaflæði til erlendra nemenda og skapa umhverfi þar sem erlendir nemendur fá notið hæfileika sinna til jafns við innlenda.

Ítarefni frá hverjum skóla bendir til að þarfirnar geti verið dálítið mismunandi eftir stærð og gerð skóla.

Andleg og líkamleg heilsa


Flestir nemendur með erlendan bakgrunn töldu sig búa við góða heilsu, bæði andlega og líkamlega. Um 66% nemenda með erlendan bakgrunn töldu andlega heilsu sína góða og 79% líkamlega heilsu sína góða. Þessar niðurstöður eru jákvæðar í sjálfu sér en niðurstöðurnar gefa vísbendingu um að andleg líðan tengist félagslegum aðstæðum og reynslu af fordómum.

Nemendur sem höfðu orðið fyrir fordómum eða upplifað félagslega einangrun voru síður líklegir til að lýsa góðri andlegri heilsu.



nemenda töldu andlega heilsu sína
slæma

Einmanaleiki og félagsleg einangrun



nemenda glímur við einmanaleika


Einn af hverjum þremur nemendum með erlendan bakgrunn sagðist glíma við einmanaleika (31%). Um helmingur (47%) sagðist ekki vera einmana og aðrir voru hlutlausir. Þessi einmanaleiki getur tengst því að eiga fáa eða enga nána vini í háskólasamfélaginu (hvort sem er innlenda eða aðra erlenda).

Niðurstöður annarra spurninga í könnuninni styðja við þetta: 73% nemenda langaði að eignast fleiri vini eða kunningja meðal samnemenda, sem bendir til að margir telji vinanet sitt takmarkað innan háskólasamfélagsins. Rúmur þriðjungur átti íslenska vini, en nær allir (92%) áttu aðra erlenda vini - sem undirstrika að vinir þeirra eru oftast aðrir erlendir stúdentar frekar en innlendir. Þessar niðurstöður um félagslega líðan benda til að þörf sé á markvissum aðgerðum til að sporna gegn einangrun, t.d. með því að efla tengsl erlendra og innlendra nemenda og skapa vettvang fyrir blandaða vináttu.

Álag og streita

Margir erlendir nemendur fundu fyrir verulegu álagi í daglegu lífi. Í viðbót við krefjandi nám nefndu fjölmargir að þeir þurfi að sinna vinnu samhliða námi, sem hefur neikvæð áhrif á andlega heilsu. Í opnum svörum var tímaleysi og álag oft nefnt sem ástæða fyrir erfiðleikum – bæði sem hindrun í íslenskunámi (sjá nánar í kaflanum Íslenskukunnátta og -nám) og almennt varðandi þátttöku í félagslífi.

Einnig má ætla að óvissa um framtíð – svo sem hvort viðkomandi fái að vera áfram á Íslandi eftir nám – valdi streitu. Rúm 30% erlendra nemenda sagðist hafa „áhyggjur af því að geta uppfyllt skilyrði til að endurnýja dvalar- og námsleyfi“ sitt. Sú óvissa getur reynst verulegur streituvaldur hjá nemendum sem hyggja á áframhaldandi dvöl eða atvinnu á Íslandi eftir nám.




hafa áhyggjur af því að geta ekki uppfyllt skilyrði til að endurnýja dvalar- og námsleyfi

Í heild dregur þetta fram að andlegri heilsu nemenda með erlendan bakgrunn gæti stafað ógn af félagslegri einangrun, fordómum og álagi. Þótt meirihlutinn telji sig við góða heilsu er umtalsverður minnihluti sem glímir við vanlíðan eða kvíða tengt þessum þáttum.

FJÁRHAGSSTAÐA OG VINNA MEÐ NÁMI

Fjárhagsleg staða og peningaáhyggjur voru áberandi í lífi margra stúdenta með erlendan bakgrunn. Meirihluti erlendra nemenda hafði einhvers konar fjárhagsáhyggjur; um 68% höfðu áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni, þar af 29% mjög miklar áhyggjur. Um 19% sögðust ekki hafa slíkar áhyggjur. Takmarkaður aðgangur að lánum og styrkjum, svo sem frá LÍN, gæti skýrt hluta þessarar stöðu.



hafa áhyggjur af fjárhagslegri stöðu sinni

Margir erlendir nemendur þurftu að treysta á launuð störf samhliða námi til að ná endum saman fjárhagslega. Í könnuninni kom fram að um þriðjungur nemenda (33%) var „mjög sammála“ fullyrðingunni

„Ég þarf að vinna svo mikið að það truflar námið“ og annar þriðjungur til viðbótar var „frekar sammála“ henni.

Þetta bendir til að um tveir af hverjum þremur erlendum nemum eigi erfitt með að sinna námi eins og best væri vegna mikillar vinnuþarfar. Slíkt álag getur ekki aðeins dregið úr námsárangri heldur líka haft áhrif á andlega heilsu og félagslíf, eins og áður var rætt.

Staðan er þó ekki einsleit eða alfarið neikvæð - um 20% nemenda telja sig ekki vinna það mikið að það bitni á námi. Þetta kann að endurspeglar aðstæður einstakra hópa, t.d. eru sumir styrkþegar með sparnað og þurfa minna að vinna. Hlutfall fjárhagsáhyggja virðist breytilegt milli skóla; t.d. var hlutfallið 29% við LBHÍ og 46% við HÍ, en slíkan samanburður ber að túlka með varúð vegna mismunandi svarhlutfalls.


HÚSNÆÐISMÁL

Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós nokkuð jákvæða mynd af húsnæðismálum erlendra nemenda, þó með fyrirvara. Um 80% erlendra nemenda voru ánægðir með núverandi húsnæði (46% mjög sammála og 34% frekar sammála fullyrðingunni um ánægju), en 9% óánægðir. Þessar tölur benda til að flestir hafi náð að koma sér upp viðunandi búsetu hér á landi. Margir erlendir stúdentar búa á stúdentagörðum eða deila húsnæði með öðrum nemendum, sem gæti skýrt hátt hlutfall ánægju – stúdentagarðar bjóða yfirleitt hagkvæmar og praktískar lausnir.

Óánægjan sem kemur fram hjá um 1 af hverjum 10 nemendum er engu að síður mikilvæg. Óánægðir nefndu helst þrengsli, hátt leiguverð og erfiðleika við að fá leigusamninga, einkum á höfuðborgarsvæðinu þar sem húsnæðismarkaður er krefjandi. Nemendur þar verða sumir að setta sig við lakara eða dýrara húsnæði en æskilegt væri.

Í svörum um hvaða þjónustu vanti voru húsnæðismál nokkrum sinnum nefnd – sumir vildu meiri aðstoð háskólanna við að útvega húsnæði eða upplýsingar um húsnæði. Sérstaklega kunna nemendur sem koma að utan í fyrsta sinn að eiga erfitt með að átta sig á íslenskum húsnæðismarkaði.


Flestir búa því við ásættanlega húsnæðisaðstöðu en ákveðinn hópur glímir við erfiðleika og myndi meta aukna aðstoð eða upplýsingagjöf frá háskólunum.



FÉLAGSLÍF OG ÞÁTTTAKA Í HÁSKÓLASAMFÉLAGINU

Áhugi á félagslífi

Erlendir nemendur sýndu almennt áhuga á því að taka þátt í félagslífi háskólanna, en margir þeirra virtust ekki ná að vera eins virkir og þeir gjarnan vildu. Um 70% erlendra nemenda vildu vera virkari í félagslífi háskólans en 42% tóku sjaldan eða aldrei þátt í viðburðum.



langar til að vera virkari í félagslífi háskólans

Helstu hindranir voru náms- og vinnuálag, sem takmarkar tíma til félagslífs, og tungumál og menningarmunur. Erlendum nemendum fannst þeir ekki alltaf eiga samleið með íslenskum nemendum í félagsstarfi. Sumir nefndu að félagslíf háskólans snúist mikið um íslenska menningu, íslenskt tungumál eða fyrirfram mynduð vinanet sem erfitt sé að komast inn


Nemendafélög og boð um þátttöku

Mörgum erlendum nemendum fannst sem skipulögðu félagsstarfi háskólanna væri beint að þeim. Þegar spurt var um fullyrðinguna „Nemendafélög bjóða mér að ganga til liðs við þau til að virkja mig og höfða til mín í félagsstarfinu“ kom í ljós að um 43% nemenda voru sammála henni (þ.e. fundu fyrir því að vera sérstaklega boðin velkomin), en um 30% voru ósammála. Þetta gefur til kynna að félagsstarf háskólanna nái ekki alltaf til erlendra nema þrátt fyrir tilraunir sumra félaga til að bæta aðgengi og geta nemendafélög og klúbbar gert enn betur í að ná til nema með erlendan bakgrunn, kynna fyrir þeim starfið og hvetja til þátttöku. Sum nemendafélög hafa nú þegar sett af stað alþjóðanefndir eða sérstaka viðburði fyrir alþjóðlega nemendur, sem er jákvætt skref.

Tengslamyndun í náminu

Kennsluhættir skipta einnig máli varðandi félagslega stöðu. Rúmlega 60% nemenda töldu kennara hvetja til tengslamyndunar með hópavinnu en um 20% voru ósammála og upplifðu að kennarar skipuleggi námsefnið þannig að nemendur vinni að mestu sjálfstætt eða með sinum eigin vinahópum, frekar en að blanda hópum.


Ef kennarar beita hópavinnu af útsjónarsemi getur það hjálpað erlendum nemendum að kynnst íslenskum samnemendum. Þessar niðurstöður benda til að kennarar geti gegnt hlutverki í að brúa bilið – til að mynda með því að skipta í hópa sem tryggja blöndun eða verkefni sem krefjast samvinnu allra nemenda.



Ósammála að kennarar hvetji til tengslamyndunar með hópavinnu.

Vináttutengsl og stoðnet

Eins og áður greinir var vinátta erlendra nema oft bundin við aðra erlenda nema. Um 58% sögðust mjög sammála eða frekar sammála því að eiga íslenska vini. Hins vegar áttu 92% vini af erlendum uppruna.




nemenda eiga enga íslenska vini

Þetta sýnir að erlendir nemendur uppfylltu sína félagsþörf innan eigin hóps (t.d. vinahópar skiptinema), frekar en að mynda tengsl inn í íslenska nemendahópinn.

Einmanaleiki og félagsleg útskúfun

Þegar spurt var beint „Ég mynda tengsl við samnemendur mína í kennslustundum“ voru um 55% sammála því, en 20% ósammála. Einnig sögðust um 45% nemenda „sjaldan eða aldrei vera boðið í hópavinnu af öðrum nemendum“ (án afskipta kennara).



nemenda sögðust sjaldan eða aldrei vera boðið í hópavinnu af öðrum nemendum

Sumir erlendir nemendur upplifðu að íslenskir nemendur hefðu lítinn áhuga á að kynnst þeim – ekki vegna illgirni, heldur frekar vegna þess að þeir ættu fyrir sinn vinahóp og sæu erlendu nemendurnar jafnvel hverfa aftur úr landi eftir nám. Þessi skortur á samþættingu skapar ákveðinn félagslegan aðskilnað innan skólanna.


NÁMSFRAMVINDA OG ÁNÆGJA MEÐ NÁM

Námsánægja


Heildarmyndin af svörum erlendra nemenda um námið sjálft er nokkuð góð. Um 60% nemenda voru ánægðir með námsframboð skólans (úrval námskeiða og námsgreina). Svipað hlutfall, rúmlega helmingur til tveir þriðju, var ánægt með kennslufyrirkomulagið (t.d. kennsluaðferðir, fyrirlestra vs. verklega kennslu).

Um 80% sögðust ánægð með eigin námsframvindu – þ.e. hvernig gengur að læra og standast þær kröfur sem eru gerðar. Aðeins um 10% lýstu óánægju með framvindu sína.

Þetta bendir til þess að flestir þessara nemenda séu nokkuð metnaðarfullir og hafi náð að aðlagast náminu. Þeir sem voru óánægðir með framvindu nefndu helst hindranir eins og tungumálaerfiðleika við að lesa námsefni, of mikið álag í starfi utan skólans (sem dregur úr tíma til náms) eða skort á leiðsögn.



Kennarastuðningur og leiðbeiningar



nemenda sagðist „alltaf fá góðar leiðbeiningar frá kennara um námsefni og verkefni“

Most international students perceive goodwill from teachers. About 75% agreed with the statement, “Teachers treat me like other students in class; my accent and origin do not matter.” Around 67% of students also said they “always receive good guidance from the teacher regarding course material and assignments,” although about 18% disagreed and felt that the guidance was insufficient. Overall, this is still a strong indication that teachers try to support international students as best they can.

Námsmatskerfi og álit á gæðum náms

Ekki var sérstaklega spurt út í námsmat eða einkunnir en ráða má af opnum svörum að sumir erlendir nemendur eigi erfitt með að aðlagast kröfum námsins í fyrstu. Þeir sem koma úr öðruvísi menntakerfum þurfa að venjast því hvernig verkefni eru metin, ritgerðir skrifaðar o.s.frv. Sumir nefna að þeir hefðu viljað fá meiri undirstöðu í akademískri íslensku eða ensku. Almenn er hins vegar ekki um að ræða óánægju með gæði kennslu eða náms, heldur frekar áskoranirnar sem felast í að læra á öðru tungumáli og í framandi umhverfi.


ÍSLENSKUKUNNÁTTA OG ÍSLENSKUNÁM

Núverandi tungumálakunnátta

Í upphafi könnunar var þátttakendum gert að meta eigin íslenskukunnáttu. Út frá þeim svörum má ráða að kunnáttustigið sé mjög mismunandi. Í tölulegum niðurstöðum sögðust um 11% meta íslenskukunnáttu sína mjög góða, en um 27% sögðu hana mjög litla og stærstur hluti mat íslenskukunnáttu sína sem „sæmilega“ eða „góða“. Þetta skiptist nokkuð eftir því hvað nemendur hafa dvalið lengi á Íslandi: þeir sem hafa búið hér lengur en 7 ár eru yfirleitt komnir með góða kunnáttu en þeir sem eru nýkomnir (<1 ár) kunna oftast mjög takmarkað.

Viðhorf til íslenskunáms

Afstaða nemenda til þess að læra íslensku er almennt jákvæð. Yfirgnæfandi meirihluti (um 88%) var sammála því að „háskólinn ætti að bjóða nemendum með erlendan bakgrunn upp á íslenskukennslu eða styrkja þá sem vilja fara í íslenskunám“. Þar af voru yfir 70% „mjög sammála“ þessari fullyrðingu. Í öllum skólunum var nánast einróma álit að auka beri stuðning við íslenskunám erlendra nemenda.



nemenda sammála því að „háskólinn ætti að bjóða nemendum með erlendan bakgrunn upp á íslenskukennslu eða styrkja þá sem vilja fara í íslenskunám

Hins vegar sýna svörin jafnframt að verulegur hluti nemenda leggur ekki sjálfur stund á íslenskunám með formlegum hætti á meðan á háskólanámi stendur. Þegar spurt var „Hvað ertu að gera til að læra og nota íslensku?“ komu svör á borð við að taka íslenskunámskeið, tala við Íslendinga þegar tækifæri gefst, horfa á sjónvarpsefni eða nota öpp sem bjóða upp á tungumálakennslu. En margir viðurkenndu að þeir gerðu lítið af því – þ.e. notuðu bara ensku í daglegu lífi og frestuðu íslenskunámi. Reyndar kom í ljós að um þriðjungur nemenda var ekkert að reyna að læra íslensku með markvissum hætti á þeim tíma sem könnunin fór fram. Það stafar af ýmsum ástæðum en út frá opnum svörum voru settir saman eftirfarandi flokkar helstu ástæðna þess að sumir nemendur leggja ekki stund á íslenskunám:


- **Tímaleysi og álag.** Langflestir nefndu skort á tíma vegna vinnu og/eða náms. Margir voru í fullu námi og vinnu samhliða, eða í mjög krefjandi framhaldsnámi og fundu einfaldlega ekki tíma til að leggja í tungumálanám ofan á annað. Einnig kvörtuðu sumir yfir því að íslenskunámskeið á vegum háskólanna væru haldin á óheppilegum tímum sem rækjust á aðrar skuldbindingar.
- **Kostnaður og aðgengi.** Margir nefndu að almenn námskeið í íslensku (utan háskólans) væru dýr og þeir hefðu ekki efni á þeim. Einnig skorti ókeypis eða hagkvæmar leiðir til að læra (til dæmis frítt efni á netinu). Sumir nefndu að erfitt væri að finna góð kennslugögn sem hentuðu fullorðnum námsmönnum.
- **Tungumálaumhverfi og æfing.** Margir unnu eða lærðu á ensku og fengu því ekki næga æfingu í íslensku. Íslenskir samnemendur og vinnufélagar tala oft sjálfkrafa ensku við þá sem eru með erlendan bakgrunn, þannig að tækifærin til að æfa íslensku eru fá. Skortur er á afslöppuðu umhverfi til að tala íslensku í félagslegum aðstæðum, t.d. í samræðum eða hópastarfi.
- **Skortur á hvatningu eða stuðningi.** Sumir sögðust hafa áhuga á að læra en fengu ekki stuðning frá háskólanum eða vinnuveitanda sínum. Aðrir nefndu að samfélagið veitti ekki hvatningu – þeir upplifðu sig jafnvel útilokaða og að „íslenskan sé notuð sem hindrun eða valdataeki“, sem dragi úr löngun til að leggja á sig að læra.
- **Forgangsröðun og aðstæður.** Margir vildu einbeita sér að náminu sínu fyrst og fresta íslenskunámi þar til síðar. Sumir upplifðu líka að það „borgi sig ekki að læra tungumálið ef [maður] ætlar að vera hér stutt“ – þetta átti oft við um skiptinema. Enn aðrir sáu litla möguleika á atvinnu jafnvel þótt þeir lærðu íslensku og gáfust því upp á því.

- **Neikvæð reynsla.** Nokkrir höfðu reynt að læra íslensku en hætt vegna þess hve erfitt tungumálið er. Sumir lentu í námskeiðum sem voru of krefjandi og misstu móðinn. Aðrir nefndu að þeir hefðu ekki haft hagnýt tækifæri til að nota íslensku í daglegu lífi og því gleymdist hún fljótt.
- **Fólk kann nú þegar íslensku.** Nokkrir svarendur bentu réttilega á að þessir erfiðleikar ættu ekki við þá – þeir væru þegar reiprennandi í íslensku eða hefðu jafnvel alist að hluta til upp á Íslandi og því þyrftu þeir enga sérstaka fræðslu. Aðrir lærðu sjálfir hægt og rólega með því að nota íslensku dags daglega („learning by doing“).

Þessar ástæður varpa skýru ljósi á vanda íslenskunáms erlendra nemenda. Á sama tíma skýrir þetta hvers vegna íslenskukennsla er ofarlega á baugi í kröfum þeirra til háskólanna. Nemendur vilja stuðning til að yfirvinna ofangreinda erfiðleika. Ljóst er að án markvissrar aðstoðar mun stór hópur ekki leggja stund á íslenskuna, einfaldlega vegna þess að líf þeirra og nám leyfir það ekki eða þeir telja ekki mikil not af því.

Notkun íslensku í námi

Athygli vekur að ekki allir erlendir nemendur telja sig þurfa að kunna íslensku til að stunda námið. Í raun er staðan sú að á sumum brautum er fullkomlega hægt að komast af á ensku einni saman (t.d. á sumum sviðum í HÍ og HA, þar sem mikið af kennsluefni er á ensku). En í öðrum tilvikum getur skortur á íslensku verið hamlandi.



nemenda voru sammála fullyrðingunni „Námsefni gefur mér skýra samantekt af hugtökum á íslensku sem ég get nýtt til að leita upplýsinga á tungumáli sem ég kann ef ég þarf“.

Til dæmis sögðust einungis um 36% nemenda vera sammála fullyrðingunni „Námsefni gefur mér skýra samantekt af hugtökum á íslensku sem ég get nýtt til að leita upplýsinga á tungumáli sem ég kann ef ég þarf“. Um 24% voru ósammála þessari fullyrðingu, sem bendir til að í þeim tilvikum vanti íslenskan hugtakalista eða tvítyngd námsskjöl. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir nemendur sem kunna hvorki góða ensku né íslensku – þeir þurfa efni til að glöggva sig á lykilhugtökum til að geta aflað sér frekari þekkingar á móðurmáli sínu ef nauðsyn krefur.

SÉRGREINING: STAÐA ERLENDRA NEMENDA Í HVERJUM SKÓLA

Eins og áður kom fram tóku nemendur úr fjórum háskólum þátt í könnuninni: Háskóla Íslands (260 svarendur), Háskólanum á Akureyri (45 svarendur), Háskólanum á Hólum (8 svarendur) og Landbúnaðarháskóla Íslands (7 svarendur). Þó að meginlínur séu svipaðar milli skóla – t.d. glíma allir við svipuð vandamál varðandi tungumál og félagslega einangrun – þá koma fram ákveðin einkenni eða frávik fyrir hvern skóla. Hér á eftir er stutt samantekt fyrir hvern skóla.

HÁSKÓLI ÍSLANDS (HÍ)

Háskóli Íslands er langstærsti skólinn og hefur flesta nemendur með erlendan bakgrunn. Af þeim sökum er háskólaumhverfið fjölbreytt en einnig getur verið auðvelt fyrir erlenda nemendur að „hverfa í fjöldann“. Niðurstöður sýna að erlendir nemendur við HÍ verða oftast fyrir fordómum en í öðrum skólum – einungis 58% þeirra höfðu aldrei upplifað fordóma (samanborið við 69–86% í hinum skólunum). Hlutfall þeirra sem höfðu orðið vitni að fordómum var einnig hæst við HÍ (38% höfðu séð slíkt). Þetta má ef til vill rekja til þess að fjölbreytnin er mest í HÍ, þar eru nemendur af ólíkum uppruna í miklum samskiptum og fordómar koma frekar upp á yfirborðið. Þeir voru mjög eindregnir í kröfum um íslenskukennslu og úrbætur á því sviði. Fjárhagsáhyggjur voru áberandi hjá nemendum við HÍ – Reykjavíkursvæðið er dýrara en landsbyggðirnar og margir nemendur eru á eigin vegum fjárhagslega. Könnunin sýnir að 31% nemenda við HÍ voru mjög áhyggjufullir um fjármál sín, sem er hærra en í nokkrum öðrum skólum. Félagslega virtust erlendir nemendur við HÍ oft leita hver til annars. Þeir mynduðu sína eigin hópa (t.d. ESN – Erasmus Student Network) en höfðu minni samskipti við íslenska nemendur en þeir myndu vilja. Þeir sóttu þó viðburði eins og International Day og slíkt, en mættu vera sýnilegri í almennu félagslífi Stúdentaráðs og deildarfélaga.

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI (HA)

Háskólinn á Akureyri er mun minni en HÍ en hefur þó fjölda erlendra nema, sérstaklega í hug- og félagsvísindagreinum og í heilbrigðisvísindum. Niðurstöður benda til að erlendir nemendur á Akureyri upplifi almennt aðeins minni vanda en nemendur við HÍ. Fordómar virtust sjaldnar koma upp: 69% nemenda við HA sögðust aldrei hafa fundið fyrir fordómum. Þeir sem urðu fyrir fordómum nefndu oft tungumálið sem uppsprettu þess en tilvik virtust vera færri. Félagslega nutu erlendir nemar í HA góðs af smæð samfélagsins – þeir eru sýnilegri og það er auðveldara að tengjast bæði öðrum erlendum nemum og Íslendingum. Það sést m.a. á því að hlutfall þeirra HA nema sem áttu íslenska vini var aðeins hærra en hjá HÍ (ályktun út frá gögnum) og einmanaleiki nokkru minni. Samt vildu nemendur við HA fleiri tækifæri – um 61% þeirra vildu vera virkari í félagslífi, sem er sama hlutfall og í HÍ. Hvað varðar íslenskukennslu þá býður HA vissulega upp á einhver íslenskunámskeið en erlendu nemendurnir vildu fleiri og lengri námskeið og helst sem hluta af náminu. Þá kom fram að sumir skiptinemar á Akureyri fundu ekki hvata til að læra íslensku þar sem þeir gátu notað ensku alls staðar. Fjárhagsáhyggjur voru líka nokkuð miklar hjá nemendum við HA (um 22% höfðu mjög miklar áhyggjur). Það sem stendur upp úr fyrir HA er samfélagsandinn – ýmsir erlendir nemendur nefndu að þeim hefði verið vel tekið á Akureyri og að bærinn væri vinalegur.

HÁSKÓLINN Á HÓLUM (HH)

Háskólinn á Hólum er mjög fámennur sérskóli á landsbyggðinni, staðsettur í Skagafirði, með áherslu á ferðamál og viðburðastjórnun, reiðmennsku og reiðkennslu, fiskalíffræði og fiskeldi. Aðeins 8 nemendur með erlendan bakgrunn í HH svöruðu könnuninni, sem takmarkar mjög alhæfingar en gefur þó ákveðnar vísbendingar.

Í fyrsta lagi kom fram að afar fáir þessara nemenda höfðu persónulega orðið fyrir fordómum (einungis 37% höfðu orðið fyrir því sjaldan eða stundum – 63% aldrei). Fleiri virtust hafa orðið vitni að fordómum gagnvart öðrum, eða 43% þeirra sem svöruðu. Það þarf að hafa í huga að stakt atvik getur haft mikil áhrif í svo litlum skóla. Erlendu nemendurnir á Hólum eru fáir og margir hverjir í fjarnámi. Því verður félagslíf þeirra sem hóps öðruvísi en þar sem allir eru í staðnámi. Líklegt er að þeir sem eru í staðnámi myndi félagslegan hóp á staðnum en það er flóknara þegar nemendur eru í fjarnámi. Þá má geta þess að gerð er krafa um kunnáttu í íslensku til að fá inngöngu í námið í reiðmennsku og reiðkennslu, þar sem oft er um helmingur nemenda með erlendan bakgrunn. Þessir nemendur hafa því flestir náð sæmilegum eða góðum tókum á íslensku þegar þeir hefja námið.

Í opnum svörum komu fram lýsingar á því að svarendur treystu mikið á nána vini, oft aðra erlenda einstaklinga og að félagslíf í sveitinni væri takmarkað. Flestir kváðust þó eiga íslenska kunningja.

Sumir lýstu því að þeir upplifðu einmanaleika, á meðan aðrir sögðust ekki finna fyrir honum. Upplifun félagslegrar tengingar virtist tengjast því hversu vel viðkomandi hafði náð að aðlagast staðnum og samfélaginu.

Hópur erlendra nemenda á Hólum er fjölbreyttur: sumir hafa búið lengi á Íslandi, en aðrir flytja sérstaklega til landsins vegna námsins. Fyrir þá sem eru nýir í samfélaginu og hafa lítil tengsl getur félagslegt umhverfi á Hólum reynst krefjandi, einkum þar sem fámennið takmarkar félagslega möguleika og fjarnám getur aukið á einangrun.

Nemendur við HH nefndu að það vantaði ýmsa þjónustu og stuðning – þar er hvorki alþjóðafulltrúi né skipulagðir jafn margir viðburðir og í stærri skólunum. Upplýsingar á ensku eru takmarkaðar. Nemendur kunnu að meta persónulega nálgun (allir þekkja rektor og kennara) en þeir vildu þó faglegri stuðning. Allir 8 svarendur frá Hólum voru algerlega sammála um að íslenskukennslu fyrir erlenda nema skorti.

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS (LBHÍ)

Landbúnaðarháskóli Íslands er staðsettur á Hvanneyri í Borgarfirði, þar sem boðið er upp á nám í búfræði á framhaldsskólastigi, búvísindum, náttúru- og umhverfisfræði, skipulagsfræði á BS, MSc og PhD stigi ásamt tengdum greinum.

Aðeins sjö erlendir nemendur tóku þátt í könnuninni, og því ber að túlka niðurstöðurnar með varúð.

Af svörum má sjá að fáir í þessum hópi hafa orðið fyrir fordómum; einungis einn af sjö svarendum greindi frá persónulegri reynslu af slíku (86% sögðust aldrei hafa orðið fyrir fordómum). Þetta er lægsta hlutfall þeirra sem upplifað höfðu fordóma meðal skólanna í rannsókninni.

Svörin geta bent til þess að félagslegt umhverfi við skólann sé samþætt og jákvætt gagnvart erlendum nemendum. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að lágt svarhlutfall eða fámennur hópur hafi áhrif á niðurstöðuna. Svipað mynstur kom fram í spurningum um vitni að fordómum, þar sem 17% sögðust stundum hafa orðið vitni að slíku atviki.

Erlendir nemendur við LBHÍ mynda fjölbreyttan hóp. Hluti þeirra eru skiptinemar sem dvelja hér í skemmri tíma en aðrir eru innflytjendur sem hafa verið búsettir á Íslandi lengur og skráð sig í nám. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar taldi um helmingur erlendra svarenda sig hafa góða íslenskukunnáttu og félagsleg tengsl, miðað við svör um vináttu og samskipti. Nýir nemendur lýstu þó tilfinningu um einangrun og nokkrir nefndu einmanaleika.

Félagslíf á Hvanneyri virðist takmarkað utan háskólasamfélagsins en innan skólans myndast þétt samfélag. Vegna fæðar erlendra nemenda eiga þeir í talsverðu samneyti við íslenska samnemendur í kennslu og hópverkefnum.

Hvað varðar þjónustu kvörtuðu nemendur LBHÍ um skort á formlegri aðstoð. Nefnt var að öll samskipti skólans væru á íslensku sem gæti verið áskorun. LBHÍ er með heimasíðu á ensku. Nemendur óskuðu því sérstaklega eftir meira tvítyngi í kennslu – t.d. að glærur og hugtök væru þýdd yfir á ensku eða latínu til að þeir gætu fylgst með. Íslenskukennsla var þeim ekki síður hjartans mál: 71% LBHÍ svarenda voru sammála um að háskólinn ætti að bjóða íslenskukennslu.

SAMANTEKT OG TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA

Samantekt helstu niðurstaðna

Samkvæmt könnuninni eru nemendur með erlendan bakgrunn í íslenskum háskólum ákafir í námi sínu og að stórum hluta ánægðir með dvöl sína, en standa þó frammi fyrir ýmsum sértækum áskorunum.

Fordómar gegn þeim voru raunverulegt vandamál fyrir um 40% hópsins, einkum í formi neikvæðra viðhorfa til tungumála þeirra og menningar.

Félagsleg einangrun og einmanaleiki hrjáðu um þriðjung erlendra nema, enda tengdust þeir helst öðrum erlendum nemum en síður hinum íslensku.

Andlegri heilsu þeirra var ekki almennt ábótavant miðað við jafnaldra en þeir sem urðu fyrir útlendingaandúð eða félagslegri höfnun fundu oft fyrir verri líðan.

Fjárhagsáhyggjur voru algengar meðal erlendra nema – þeir tókust á við skólagjöld, takmarkaða styrki og oft erfiðar aðstæður á vinnumarkaði, sem leiðir til verulegs vinnuálags samhliða námi.

Þrátt fyrir þetta voru þeir **ánægðir í sínu námi** og staðráðnir í að ná árangri; þeir mátu kennara sína og námsumhverfið að flestu leyti jákvætt. Stærsta óleysta verkefnið í augum nemenda með erlendan bakgrunn var **tungumálið** – bæði að fá að læra íslensku við raunhæfar aðstæður og að geta fylgt náminu betur með aðstoð tvítýngis efnis.

Tillögur til úrbóta

Byggt á niðurstöðum könnunarinnar mætti setja fram eftirfarandi tillögur til að bæta stöðu og upplifun erlendra nemenda:




Skipuleg íslenskukennsla og tungumálþjónusta

Háskólar ættu að bjóða markvisst upp á námskeið í íslensku fyrir erlenda nemendur, á mismunandi getustigum, þeim að kostnaðarlausu eða á niðurgreiddu verði. Jafnframt ætti að samþætta íslenskunám við aðalnámið þegar hægt er (t.d. láta það gilda til eininga, bjóða stutt „Icelandic for academia“ námskeið). Mikilvægt er líka að kennsluefni taki mið af aðstæðum þessara nemenda – t.d. gætu kennarar útbúið stutta glósulista á ensku/íslensku fyrir hverja viku til að tryggja að allir skilji lykilhugtök.



Efling félagslegra tengsla

Háskólarnir ættu að hrinda af stað kerfum sem stuðla að blöndun erlendra og innlendra stúdenta. Dæmi: félagakerfi/buddy system þar sem hver erlendur nýnemi er paraður við reyndan íslenskan nema sem kynnir hann fyrir félagslífi og siðum. Einnig væri æskilegt að nemendafélög haldi reglulega fjölmennningarlega viðburði og bjóði erlenda nema sérstaklega velkomna. Kennarar geta lagt sitt af mörkum með hópavinnu og verkefnum sem blanda nemendum. Slík inngrip myndu draga úr einmanaleika og auka félagslega þátttöku, sem skilar betri líðan og jafnvel betri námsárangri.




Viðbragðsáætlanir gegn fordómum

Hver skóli þarf að hafa skýra stefnu og ferli til að taka á fordómum eða mismunun ef slíkt kemur upp. Það felur í sér að fræða bæði starfsfólk og nemendur um fjölbreytileika og ásættanlega hegðun, bjóða upp á leiðir til að tilkynna atvik og bregðast tafarlaust og af festu við kvörtunum. Fordómar brjóta niður öryggistilfinningu nemenda og hafa greinilega skaðleg áhrif, þannig að forvarnir og viðbrögð þar skipta sköpum.



Bætt upplýsingagjöf og þjónusta

Mikilvægt er að allir háskólar tryggi að grundvallarupplýsingar um námið, reglur, réttindi og þjónustu séu til á ensku (og/eða öðrum tungumálum sem skipta máli). Sérstakur tengiliður ætti að vera til staðar í hverjum skóla sem nemendur með erlendan bakgrunn geta leitað til með fyrirspurnir eða vandamál og sem myndi tengja nýnema við samfélagið o.s.frv.



Fjárhagsstuðningur og ráðgjöf

Tillaga er að háskólar og stjórnvöld skoði möguleikann á að auka aðgengi erlendra nema að styrkjum og lánum – til dæmis með því að heimila þeim að sækja um námsstyrki sem innlendir nemar fá, eða búa til sérsjóði fyrir afburðanemendur. Jafnframt væri gagnlegt að bjóða upp á fjármálaráðgjöf sérstaklega sniðna að erlendum nemum (sem þurfa að glíma við gjaldeyri, dvalarleyfisreglur o.fl.). Ef hægt er að draga úr því að nemendur þurfi að vinna 30+ tíma á viku með fullu námi mun það bæði bæta námsárangur og heilsu.



Markviss endurgjöf og eftirlit

Að lokum er lagt til að að þessum aðgerðum sé fylgt eftir með reglubundnum könnunum eða samræðum við erlenda nemendur. Háskólarnir ættu að fylgjast með framförum – t.d. með því að endurtaka svipaða könnun eftir nokkur ár – til að sjá hvort aðstæður batna. Einnig má hvetja erlenda nemendur til að vera virkir í skólasamfélaginu, t.d. með því að hafa fulltrúa þeirra í stúdentaráðum eða nefndum sem snerta kennsluhætti og þjónustu.

NIÐURLAG

Erlendir nemendur eru dýrmætur hluti háskólasamfélagsins á Íslandi og mikilvægt er að þeir fái jöfn tækifæri til að njóta námsins og blómstra í námi og félagslífi. Þessi skýrsla hefur bent á lykilatriði sem þarfnast athygli. Margt af þessu er hægt að laga með tiltölulega einföldum úrræðum ef viljinn er fyrir hendi. Íslenskir háskólar hafa í gegnum tíðina verið að verða alþjóðlegri og hafa margt til brunns að bera en niðurstöður sýna að betur má ef duga skal. Með því að ráðast í markvissar umbætur – sérstaklega í tungumálanámi, félagsaðlögun og stuðningsþjónustu – munu háskólarnir ekki aðeins bæta upplifun erlendra nemenda, heldur efla allt sitt samfélag, því fjölbreytileikinn nýtist best þar sem allir fá notið sín. Það er von okkar að þessar niðurstöður og tillögur verði nýttar til góðra verka, þannig að íslenskt háskólasamfélag verði í framtíðinni enn opnara, réttlátara og aðgengilegra fyrir fólk af öllum uppruna.



2026